

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Skrifstofa skattamála

Arnarhvoll við Austurvöll

101 Reykjavík

Reykjavík 29. mars 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið birti drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (fjöldatakmörkun rafmagnsbifreiða o.fl.) þann 19. mars sl.

Fyrirtækið VETNIS Iceland ehf. (VETNIS) er íslenskt þróunarfélag sem gert hefur fjármögnunarsamning við þýskan innviðasjóð í umsjón Prime Capital AG, um þróun og fjármögnun á uppbyggingu grænna vetnisinnviða og -tækja hér á landi, þ.e. framleiðslu og dreifingu á vetni, uppsetningu áfyllingarstöðva, og innleiðingu vetnisdrifinna ökutækja.

VETNIS á í samstarfi við fjölda innlendra aðila sem skoða nýtingu vetnis á stór ökutæki. Fyrirtækið stefnir að því að hefja prófanir á vetnisinnviðum og nokkrum stórum vetnisdrifnum ökutækjum á Íslandi á fyrri hluta næsta árs. Samhliða undirbýr félagið uppsetningu á kerfi sem felur í sér innleiðingu á um 100 vetnisknúnum vöru- og fólksflutningabifreiðum hér á landi í fyrsta fasa.

Á Íslandi má framleiða vetni úr hreinu íslensku vatni og hreinni íslenskri raforku með rafgreiningu. Vetnistæki eru jafnan drifin áfram með rafmótor sem fær straum úr efnarafali, sem knúinn er vetni. Vetni hentar vel sem orkugjafi fyrir þyngri og stærri ökutæki sem keyra langar vegalengdir þar sem rafhlöður eru óhentugar vegna eigin þunga og hleðslutíma. Sem dæmi má nefna trukka, rútur, strætisvagna, jeppa til langferða og leiguakstur.

Rafhlöður hafa reynst hentugar í minni rafbíla og ganga orkuskipti á þeim vettvangi vel með góðum stuðningi stjórnvalda. Sé litið til áætlana bílaframleiðenda, bendir margt til að innan tíðar verði minni ökutæki að stærstum hluta rafdrifin með rafhlöðum, en stærri flutningatæki sem aka mikið verði að stærstum hluta rafdrifin með vetni.

Heildarlosun CO₂ á ábyrgð íslenskra stjórnvalda er 3 milljónir tonna á ári, þar af 1 milljón tonna á ári frá samgöngum. Stórir flutninga- og fólksflutningabílar losa 250.000 tonn á ári, en þar af valda 20% slíkra tækja yfir 50% af útblæstri þeirra. Ætla má að notkun vetnis í samgöngum á landi gæti í heild sparað 200 – 300.000 tonn af CO₂ á ári eða allt að 33% af losun í samgöngum.

Eitt stórt dísilknúíð ökutæki getur losað 50 sinnum meira af CO₂ en venjulegur fólksbíl á einu ári. Stuðningur við vetnisvæðingu í flutningum getur því skilað miklum árangri til lækkunar á losun, með minni tilkostnaði en raunin er með stuðningi við litla rafbíla.

VETNIS vill í tilefni þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á stuðningi við rafmagnsbifreiðar og í ljósi þess að eitt af verkefnum nýrrar ríkisstjórnar er að áfram verði stutt við orkuskipti í samgöngum, þ.m.t. í þungaflutningum, koma því á framfæri að hugað verði að breyttu stuðningsumhverfi fyrir stór græn farartæki sem eru til annarra nota og eru annarrar gerðar en núverandi löggjöf virðist sniðin að. Afsláttur af virðisaukaskatti kemur ekki að notum í hefðbundnum atvinnurekstri.

Vetnisknúin flutningatæki eru enn sem komið eru mun dýrari en dísilknúin tæki með sama notagildi. Til að hvetja til innleiðingar hafa lönd innan Evrópska Efnahagssvæðisins til dæmis farið þá leið að styrkja kaup á ökutækjum og þróun innviða með endurgreiðslum sem nema hlutfalli af verðmismun á vetnistæki og sambærilegu tæki sem knúið er dísilolíu.

Ef farin verður svipuð leið hér á landi má nýta fjármagn betur til að minnka losun en gert er með því að styðja innkaup minni rafmagnsbíla. Með örri tækniþróun og aukinni framleiðslu má ætla að kostnaður á vetnisknúnum tækjum og innviðum fari lækkandi og þörf fyrir stuðning minnki í framtíðinni.

ETS kerfið (Emission Trading Scheme) er alþjóðlegt kerfi sem hannað er til ná fram markmiðum um minni losun með sölu losunarheimilda. Horfa ber til þess að gjöld greidd inn í ETS kerfið af fyrirtækjum í starfsemi á Íslandi séu nýtt til að styðja við græn nýsköpunar- og þróunarverkefni sem stuðla að minnkaðri losun CO₂ á Íslandi.

Fyrir hönd VETNIS Iceland ehf.

Auðun Freyr Ingvarsson
Framkvæmdastjóri